

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og tollalögum (úthlutun tollkvóta)

150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 488 — 382. mál. Stjórnarfrumvarp.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka sauðfjárbænda (LS) um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og tolltollalögum (úthlutun tollkvóta) þann 19. nóvember með frest til að skila inn umsögn 2. desember.

Í frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar um framkvæmd tollverndar og vilja Landssamtök sauðfjárbænda koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Með þessu frumvarpi er lögð til nokkur einföldun á umgjörð og framkvæmd tollverndar. Þetta er til mikilla bóta og mun gera framkvæmdina skýrari og markvissari.


Það er mat LS að ekki sé nægilega gerð grein fyrir því hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á einstakar greinar landbúnaðarins og því sé þörf á því, áður en til breytinganna komi, að lagt verði mat á það hvernig fyrirhugaðar lagabreytingar hafi áhrif á samkeppnishæfni íslensks landbúnaðar.

Eitt af markmiðum frumvarpsins er að auka ábata íslenskra neytanda með því að lækka tolla sem síðan á að leiða til lægra matvöruverðs. Ekki er með neinum hætti tryggt að neytendur njóti tollalækkana með lægra vöruverði.

Í frumvarpinu er lagt til að festa í lög opinn tollkvóta á svínasiðum. Það magn sem hér um ræðir byggir ekki á skýrum forsendum þar sem aðgreining vöruflokka í tollskrá var ófullnægjandi þar til tollskrá var breytt 1. september í ár. Fyrirséð er veruleg óvissa varðandi innflutning á landbúnaðarvörum m.a. vegna opunar á innflutningi á hráu kjöti og aukningu á magntollum samkvæmt ESB samningnum. Tollverndin verður að taka mið af markaðsaðstæðum hér á landi á hverjum tíma og því er það úr takti við framkvæmd tollverndarinnar að taka einn vöruflokk út með þessum hætti.

Landssamtök sauðfjárbænda telja að frumvarpið muni að óbreyttu hafa veruleg áhrif á samkeppnishæfni íslensk landbúnaðar og telja að áður en frumvarpið verði samþykkt þurfi að meta þau áhrif með hliðsjón af stefnu stjórnvalda varðandi matvælaframleiðslu á Íslandi.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka sauðfjárbænda



Guðfinna Harpa Árnadóttir
Formaður